

Borgarráð

Framtíð Laugardalsvallar - viðræður

Lagt er til að borgarráð samþykki að hafnar verði þríhliða viðræðum ríkis, KSÍ og Reykjavíkurborgar um framtíð Laugardalsvallar á grundvelli þess undirbúnings sem farið hefur fram um uppbyggingu Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs. Stefnt skal að því að þær leiði til sameiginlegrar niðurstöðu um framtíðar útfærslu mannvirkisins, fjármögnun og kostnað, eignarhald og rekstrarform Laugardalsvallar, sem og framtíðar aðstöðu fyrir þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Samhliða viðræðunum verði hugað að breyttu deiliskipulagi svæðisins undir forystu umhverfis- og skipulagssviðs að höfðu eðlilegu samráði við hagsmunaaðila og íbúa hverfisins.

Greinargerð:

Ríkið, Reykjavíkurborg og KSÍ samþykktu sameiginlega viljayfirlýsingu um að skoða hvort og hvernig mætti bæta aðstöðu vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Ákveðið var að verja 21 m.kr. til verkefnisins og fá þýskt ráðgjafafyrirtæki til að vinna tillögur að næstu skrefum. Auk þýsku ráðgjafana komu að verkefninu íslenskir ráðgjafar arkitektar, verkfræðingar og lögfræðingar. Aðilar að samkomulaginu samþykktu að bæta 12 m.kr. til að greiða fyrir úttektina og skiptist sú upphæð jafnt milli borgar ríkis og KSÍ eins og upphaflega kostnaðaráætlunin gerði ráð fyrir.

Nú liggur fyrir skýrsla þýska ráðgjafafyrirtækisins Lagardére með þremur sviðsmyndum.

Óbreytt ástand vallarins.

Völlurinn endurnýjaður ásamt áhorfendastæðum

Völlur með yfirbyggðu þaki.

Tilgangur þessarar vinnu átti að undirbyggja ákvörðunartöku um framtíð Laugardalsvallar. Með þær upplýsingar sem að nú liggja fyrir eru komnar forsendur fyrir slíkri ákvörðun. Fyrir Reykjavíkurborg er mikilvægt að niðurstaða fái, ekki síður en fyrir ríkið og KSÍ. Núverandi mannvirki sem er í eigu Reykjavíkurborgar stendur ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru, hvort heldur um er að ræða aðstöðu fyrir íþróttafólk, dómara eða áhorfendur. Það sem meðal annars kallar á ákvarðanir er hin nýja þjóðardeild þar sem Ísland mun mæta sterkustu liðum Evrópu á leikdögum svo seint sem í október og nóvember þegar Laugardalsvöllur hefur oft verið orðin óleikfær.

Nýr Laugardalsvöllur yrði þjóðarleikvangur og kallar það á aðkomu ríkisins að áframhaldandi vinnu og næstu skrefum í málinu. Hagsmunir allra aðila eiga því að fara saman um að fá sameiginlega niðurstöðu varðandi það hvernig málefnum þjóðarleikvangs í knattspyrnu og frjálsum íþróttum verður fyrir komið til framtíðar. Þá hefur verið á það bent að aðstaða í Laugardalshöll fyrir landsleiki í handbolta og körfubolta er ekki heldur að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í dag. Mögulega mætti

sameina í einu mannvirki bætta aðstöðu fyrir þessa aðila og fleiri íþróttaviðburði sem nú fara fram í eldri hluta Laugardalshallar. Þar með skapast einnig möguleikar til annars konar notkunar hússins sem þarf þá að skoða í samhengi. Slíkur fjölnota leikvangur gæti einnig falið í sér ýmis sóknarfæri fyrir borgina.

Það er ljóst að forsenda þess verkefnis sem lagður hefur verið grunnur að er að Reykjavíkurborg, ríkið og KSÍ komist að sameiginlegri niðurstöðu. Þess vegna er lagt til að Reykjavíkurborg, ríkið og KSÍ taki upp viðræður sem leiða eigi til sameiginlegra niðurstöðu um sviðsmynd byggða á þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir. Samráð yrði að hafa við íþróttahreyfinguna í Reykjavík, auk annarra sérsambanda. Í forsendum þess undirbúnings sem farið hefur fram var gert ráð fyrir að KSÍ keypti Laugardalsvöll af Reykjavíkurborg og að farið yrði í breytingar á vellið án fjárútláta fyrir borgarsjóð. Ólíklegt er að þessar forsendur standist. Ljóst er að verkefnið kallar á sterka aðkomu ríkisins, auk KSÍ, eigi það að verða að veruleika. Jafnframt er rétt að áréttu að í ofangreindri samþykkt borgarráðs felst ekki fjárhagsleg skuldbinding heldur er gert ráð fyrir að borgarráð fái að fylgjast með þróun og framgangi málsins og að niðurstaða viðræðnanna verði lögð fyrir borgarráð til samþykktar eða synjunar.

Einn vandasamasti hluti verkefnisins er að búa um endurbætt mannvirki í nýju skipulagi. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á deiliskipulagsbreytingum sem að nýtt mannvirki kallar á. Það er ljóst að það er forsenda allra mögulegra breytinga að nýtt deiliskipulag nái fram að ganga og í sátt við sem flesta hagsmunaaðila. Mikilvægt er að samhliða fjárhagslegri skoðun og ákvarðanatöku sé jafnframt leitast við að fá niðurstöðu í skipulagsmál á svæðinu samhliða þeirri vinnu og eðlilegt að settir séu fyrirvarar um niðurstöðu þess af hálfu borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson